

50. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar fimmtudaginn 1. mars 2012, kl. 15:00.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Fundargerðir**
 - a) Samband íslenskra sveitarfélaga 27. janúar 2012**
 - b) Stjórnar SSNV frá 14. febrúar 2012**
 - c) Heilbrigðisnefndar NV frá 31. janúar 2012**
 - 2. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri mæta**
 - 3. Erindi BS. um félags- og skólaþjónustu frá 13. febrúar 2012**
 - 4. Bréf frá Rarik dags. 16. febrúar 2012**
 - 5. Tölvupóstur frá Páli Jónssyni dags 14. febrúar 2012**
 - 6. Tölvupóstur frá framkvæmdstjóra SSNV frá 24. febrúar 2012**
 - 7. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir

- a) Samband íslenskra sveitarfélaga 27. janúar 2012**

Lögð fram til kynningar

- b) Stjórnar SSNV frá 14. febrúar 2012**

Lögð fram til kynningar

- c) Heilbrigðisnefndar NV frá 31. janúar 2012**

Lögð fram til kynningar

2. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri mæta

Valgerður Hilmarsdóttir mætti á fundinn undir þessum lið. Jóhanna leikskólastjóri, Anna Margrét aðstoðarleikskólastjóri og Guðjón Ólafsson fræðslustjóri mættu jafnframt undir þessum lið.

Jóhanna kynnti starfsemi og rekstur leikskólans á Blönduósi. Miklar umræður urðu.

Bæjarráð þakkar leikskólastjórum og fræðslustjóra greinargott yfirlit yfir starfsemi leikskólans. Bæjarráð er meðvitað um mjög þrönga stöðu sem leikskólinn býr við. Bæjarráð mælist til þess að formaður fræðslunefndar, leikskólastjórar og fræðslustjóri hefji vinnu við stöðugreiningu um starfsemi

leikskólans með það fyrir augum að traustari grunnur skapist til ákvörðunartöku um málefni leikskólans til framtíðar. Bæjarráð hvetur til þess að starfsmannapörf leikskólans verði leyst innan fjárheimilda 2012 í ljósi nemendafjölda í haust.

3. Erindi BS. um félags- og skólaþjónustu frá 13. febrúar 2012

Fyrir fundinum lá bréf Félags- og skólaþjónustu A-Hún um kaup á Skúlabraut 22 á Blönduósi. Bæjarráð bókar eftirfarandi: „Fyrir var tekið erindi stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún dags. 13. febrúar 2012 þar sem lagt er til að samþykkt verði kaup á eigninni Skúlabraut 22 á Blönduósi fyrir sambýli fatlaðra. Fyrir fundinum lá kaupsamningur vegna eignarinnar og skuldabréf að jafnvirði kaupvirðis 14.500.000 kr. Bæjarráð samþykkir kaupsamninginn og skuldabréfið fyrir sitt leyti og veitti stjórn Félags- og skólaþjónustu sitt umboð til að ganga frá kaupum á eigninni með undirritun þeirra skjala sem varða kaupin.“

4. Bréf frá Rarik dags. 16. febrúar 2012

Þann 9. febrúar sl., hélt Rarik fund með framkvæmdastjóra og fulltrúum Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Tilfni fundarins var að fara yfir og skýra nánar efni bréfs sem Rarik sendi Sambandinu og sveitarfélögum varðandi götulýsingu, ásamt því að fá fram sjónarmið á því hvernig best væri að haga viðræðum og fundum með hverju og einu sveitarfélagi þar sem Rarik rekur götulýsingu.

Bæjarráð felur tæknideild að fylgjast vel með framvindu málsins.

5. Tölvupóstur frá Páli Jónssyni dags 14. febrúar 2012

Stjórn veiðifélags Laxár á Ásum hefur mótmælt kostnaði frá arðskrármatsnefnd frá því sl. hausti.

Niðurstaða málsins er á þá leið að nefndarmenn arðskrárnefndar hafa fallist á að fella niður hluta af kostnaðinum.

Bæjarráð fellst á þá málsmeðferð sem stjórn veiðifélagsins viðhefur í málinu.

6. Tölvupóstur frá framkvæmdstjóra SSNV frá 24. febrúar 2012

Fyrir fundinum lá samstarfssamningur milli Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Markaðsskrifstofu Norðurlands. Í samningnum er fjallað um hvernig Markaðsskrifstofan muni annast kynningu fyrir ferðamenn á sveitarfélögum á starfssvæði SSNV og hvaða greiðslur komi fyrir það verkefni. Samningurinn er undirritaður af framkvæmdastjóra SSNV með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkti samninginn fyrir sitt leyti.

7. Önnur mál

Valgerður Hilmarsdóttir ræddi málefni sundlaugar m.a. opnunartíma. Bæjarráð felur starfsmönnum Íþróttamiðstöðvar að tryggja að reksturinn verði innan fjárheimilda 2012.

Valgerður yfirgefur fundinn.

Bæjarráð fagnar stofnun þekkingarseturs á Blönduósi. Lögð fram drög að samþykktum þekkingarseturins á Blönduósi auk fundargerðar stofnfundarins. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:10

*Kári Kárason (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Hörður Ríkharðsson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)